

Fundargerð háskólaráðs

361. fundur 30. júní 2015

fundaherbergi 262, Borgum, kl. 1310 – 15.57

Rektor setti fund kl. 1.10

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra, í síma

Aðrir mættir:

Guðrún M. Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Sigrún Lóa Kristjánsdóttir verkefnisstjóri fjármálasviðs
Stefán Jóhannsson forstöðumaður nemendaskrár

1. Fundargerð síðasta fundar, upprifjun, mál til kynningar

- Brautskráning HA og Vísindaskóla unga fólksins
- Útskriftarathafnir á Hrafnseyri og Selfossi
- Fundir í menntamálaráðuneyti 24. júní
- Umsóknir um Nansensstöðuna
- Starfsmannamál
- Stjórnvaldsákvarðanir rektors frá síðasta fundi

2. Rekstraryfirlit janúar-máí

1505011

Ólafur kynnti yfirlitið. Rekstrarstaða háskólans er 38,38% af áætlun en viðmiðið er 41,70%. Um er að ræða útgjaldastöðu skólans miðað við áætlun. Eftir er að færa ýmsar tekjur á móti kostnaði. Stefnt er að hallalausum rekstri í árslok.

Þrátt fyrir að núverandi staða sé undir viðmiðum er ljóst að kostnaðarauki vegna kjarasamninga og annarra liða mun gera rekstur þyngri á seinni hluta ársins.

3. Breytingar á reglum vegna stofnanasamninga og nýtt kennslueiningalíkan

1507004, 1507005, 1507006

Sigrún Lóa kom á fundinn.

Ólafur greindi frá stöðu stofnanasamninga milli HA og Fél. prófessora, HA og FHA og HA og SFR.

Sigrún Lóa kynnti *Reglur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri,*

Reglur um ráðningu og kjör aðjúntka í Fél. háskólakennara á Akureyri og

Reglur um sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við HA.

Einnig gerði hún grein fyrir uppfærðri kennslumatsformúlu HA (þ.e. hvernig tímafjöldi sem greiða á fyrir kennslu er metinn). Ólafur og Sigrún Lóa fóru af fundinum.

Eftirfarandi reglur voru bornar upp og samþykktar samhljóða:

Reglur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri,

Reglur um ráðningu og kjör aðjúntka í Fél. háskólakennara á Akureyri og

Reglur um sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við HA.

4. Innritun á haustmisseri 2015

1507001

Stefán kom á fundinn. Skýrði hann út yfirlit dags. 30. júní. 1.414 hafa sótt um, 1.070 umsækjendur hafa fengið jákvætt svar. Þann 5. júní var hætt að taka við umsóknum um nám í sálfræði, hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði. Ópið er fyrir umsóknir í annað nám. Háskólaráð samþykkti innritun í allar námsbrautir og -línur skv. yfirlitinu.

5. Kennslualmanak 2015-2016 til samþykktar

1502037

Stefán útskýrði almanakið. Háskólaráð samþykkti samhljóða kennslualmanakið.

6. Námskrá 2015 til samþykktar

1507002

Stefán gerði grein fyrir námskrá 2015 sem er að finna á innri vef skólans. Fór hann síðan af fundinum.

Háskólaráð samþykkti samhljóða námskrána.

Ákveðið var að ræða námsframboð háskólans til framtíðar á fundum háskólaráðs næsta skólaár. Það tengist nýrri stefnumótun háskólans fyrir 2018-2022.

7. Skipun Vísindaráðs

1502044

Rektor kynnti tillögu sína að formanni Vísindaráðs næstu tvö árin. Rektor skipar tvo fulltrúa í Vísindaráð og tvo til vara. Var tillagan samþykkt.

Lokið verður við skipun Vísindaráðs á næsta fundi.

8. Almennar viðmiðunarreglur um tímamörk fyrir 49% starfshlutfall

1506007

Rektor kynnti bókun framkvæmdastjórnar frá 8. maí 2015.

Háskólaráð samþykkti viðmiðunarreglurnar.

9. Fundaáætlun háskólaráðs haustið 2015

Reglulegir fundir verða mánaðarlega í þriðju viku mánaðar kl. 13-16:

20/8, 17/9, 15/10, 19/11 og 17/12.

10. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

F. sl. kl. 15.57.